

## AUGLÝSING

### um bann við innflutningi frá Hollandi vegna Avian Influenzu eða fuglaflensu.

1. gr.

Með vísan til þess að upp hefur komið Avian Influenza í Hollandi, sem er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og aldrei hefur greinst á Íslandi, er sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Hollandi.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 10. apríl 2003.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 7. mars 2003.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

---

*Atli Már Ingólfsson.*